

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2019/34**

2022/EES/72/72

frá 17. október 2018

**um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar umsóknir um vernd fyrir upprunatáknunir, landfræðilegar merkingar og hefðbundin heiti í víngeiranum, andmælameðferð, breytingar á forskriftum fyrir afurðir, skrána yfir vernduð heiti, afturköllun verndar og notkun tákna og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1306/2013 að því er varðar viðeigandi kerfi fyrir eftirlit (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 <sup>(1)</sup>, einkum 110. gr. (b-, c- og e-lið 1. mgr.), 110. gr. (2. mgr.), 111. gr., 115. gr. (1. mgr.) og 123. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1306/2013 frá 17. desember 2013 um fjármögnun, stjórnun og eftirlit með sameiginlegu landbúnaðarstefnunni og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 352/78, (EB) nr. 165/94, (EB) nr. 2799/98, (EB) nr. 814/2000, (EB) nr. 1290/2005 og (EB) nr. 485/2008 <sup>(2)</sup>, einkum 4. mgr. 90. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 felldi úr gildi og kom í stað reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1234/2007 <sup>(3)</sup>. Í ákvæðum 2. og 3. þáttar I. kafla II. bóls II. hluta reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 er mælt fyrir um reglur um upprunatáknunir, landfræðilegar merkingar, hefðbundin heiti og merkingar og kynningar í víngeiranum. Í þessum 2. og 3. þætti er framkvæmdastjórninni einnig falið vald til að samþykkja framseldar gerðir og framkvæmdargerðir. Samþykkja þarf nýjar reglur með slíkum gerðum til að tryggja snurðulausa starfsemi markaðsins með vín innan nýja lagarammans. Þessar gerðir ættu að koma í staðinn fyrir ákvæði reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 607/2009 <sup>(4)</sup> sem er felld úr gildi með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/33 <sup>(5)</sup>.
- 2) Reynslan sem fengist hefur af beitingu reglugerðar (EB) nr. 607/2009 hefur sýnt að núgildandi málsmeðferðarreglur við skráningu, breytingu og afturköllun upprunatáknana og landfræðilegra merkinga geta verið flóknar, íþyngjandi og tímafrekar. Reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 hefur skapað lagalegt tómarúm, einkum að því er varðar þá málsmeðferð sem skal fylgja varðandi breytingar á forskriftum fyrir afurðir. Málsmeðferðarreglur varðandi upprunatáknunir og landfræðilegar merkingar í víngeiranum samræmast ekki reglunum sem gilda um gæðakerfi í geirum matvæla, brenndra drykkja og kryddvíns í lögum Sambandsins. Þetta skapar ósamræmi í því hvernig haga á framkvæmd innan þessarar greinar hugverkaréttar. Taka ætti á þessu misræmi í ljósi réttarins til að njóta verndar hugverkaréttinda sem komið var á með 2. mgr. 17. gr. sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi. Því ætti með þessari reglugerð að einfalda, skýra, fullgera og samræma viðeigandi málsmeðferðarreglur. Byggja ætti málsmeðferðarreglur, að því marki sem mögulegt er, á þeim skilvirku og þrautreyndu málsmeðferðarreglum til verndunar hugverkaréttinda í tengslum við

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 9, 11.1.2019, bls. 46. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 273/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671.

(2) Stjtið. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 549.

(3) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1234/2007 frá 22. október 2007 um sameiginlegt markaðskerfi í landbúnaði og um sértæk ákvæði varðandi tiltekna landbúnaðarvörur (reglugerðin um eitt sameiginlegt markaðskerfi) (Stjtið. ESB L 299, 16.11.2007, bls. 1).

(4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 607/2009 frá 14. júlí 2009 þar sem mælt er fyrir um tiltekna, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 um verndaðar upprunatáknunir, verndaðar, landfræðilegar merkingar, hefðbundin heiti, merkingu og framsetningu tiltekinnna vínafurða (Stjtið. ESB L 193, 24.7.2009, bls. 60).

(5) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/33 frá 17. október 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar umsóknir um vernd fyrir upprunatáknunir, landfræðilegar merkingar og hefðbundin heiti í víngeiranum, andmælameðferð, takmarkanir á notkun, breytingar á forskriftum fyrir afurðir, afturköllun verndar og merkingu og kynningu (Stjtið. ESB L 9, 11.1.2019, bls. 2).

landbúnaðarafurðir og matvæli sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1151/2012 <sup>(6)</sup>, framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 664/2014 <sup>(7)</sup> og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 668/2014 <sup>(8)</sup> og aðlaga þær til að taka til greina séreinkenni víngeirans.

- 3) Upprunatáknarnir og landfræðilegar merkingar eru órjúfanlega tengdar við yferráðsvæði aðildarríkjanna. Landsbundin yfirvöld og staðaryfirvöld búa yfir bestu sérþekkingu og vitneskju um þær staðreyndir sem málið varða. Þetta ætti að endurspeglast í viðkomandi málsmeðferðarreglum, með tilliti til nálægðarreglunnar sem sett er fram í 3. mgr. 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið.
- 4) Til glöggvunar ætti að setja fram í smáatriðum tiltekin skref málsmeðferðarinnar sem gildir um umsókn um vernd upprunatáknunar eða landfræðilegrar merkingar í víngeiranum.
- 5) Mæla ætti fyrir um viðbótarreglur um sameiginlegar umsóknir sem varða fleiri en eitt landsbundið yferráðsvæði.
- 6) Til að einu skjölin geti verið samræmd og sambærileg er nauðsynlegt að tilgreina lágmarksinnihald sem koma ætti fram í slíkum skjölum. Ef um er að ræða upprunatáknarnir ætti að leggja sérstaka áherslu á lýsinguna á tengslunum á milli gæða og einkenna vörunnar og tiltekins landfræðilegs umhverfis. Ef um er að ræða landfræðilegar merkingar ætti að leggja sérstaka áherslu á að skilgreina tengslin á milli sérstakra gæða, orðspors eða annarra einkenna og landfræðilegs uppruna vörunnar.
- 7) Í forskriftinni fyrir afurðina ætti að lýsa því afmarkaða landsvæði upprunatáknana og landfræðilegra merkinga sem sóst er eftir vernd fyrir, á sundurliðaðan, nákvæman og ótvíræðan hátt sem gerir framleiðendum, lögbærum yfirvöldum og eftirlitsyfirvöldum kleift að starfa á öruggum, endanlegum og áreiðanlegum grunni.
- 8) Til að tryggja snuðulausa virkni kerfisins er nauðsynlegt að setja samræmdar reglur um höfnunarstig málsmeðferðarinnar sem gilda um umsóknir um vernd. Einnig er þörf fyrir samræmdar reglur varðandi innihald umsókna um breytingar á vegum Sambandsins, almennar breytingar og tímabundnar breytingar og varðandi innihald beiðna um afturköllun.
- 9) Í þágu réttarvissu ætti að setja fasta fresti varðandi höfnunarferlið og koma á viðmiðunum um auðkenningu á upphafsdagsetningum umræddra fresta.
- 10) Til að tryggja að fyrir hendi séu samræmdar og skilvirkar málsmeðferðir ætti að leggja fram eyðublöð fyrir framlagningu á umsóknum, andmælum, breytingum og afturköllunum.
- 11) Til að tryggja gagnsæi og samræmi á milli aðildarríkjanna er nauðsynlegt að samþykkja reglur um innihald og form rafrænu skrárinnar yfir verndaðar upprunatáknarnir og verndaðar landfræðilegar merkingar sem komið var á fót skv. 104. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 (hér eftir nefnd skráin). Skráin er rafrænt gagnasafn sem er geymt í upplýsingakerfi og er aðgengilegt almenningi. Færa ætti öll gögn sem tengjast vernduðum upprunatáknunum og vernduðum landfræðilegum merkingum sem er að finna í eldri skránni sem var komið á fót í rafræna gagnasafninu „e-Bacchus“, sem um getur í 18 gr. reglugerðar (EB) nr. 607/2009, inn í skrána á gildistökuþegi þessarar reglugerðar.
- 12) Taka ætti gildandi reglur um notkun Evrópusambandstáknansins fyrir verndaðar upprunatáknarnir og verndaðar landfræðilegar merkingar fyrir landbúnaðarafurðir og matvæli, sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 668/2014, óbreyttar inn til að gera neytendum kleift að bera kennsl á vín sem ber verndaða upprunatáknun eða verndaða landfræðilega merkingu.

<sup>(6)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1151/2012 frá 21. nóvember 2012 um gæðakerfi fyrir landbúnaðarafurðir og matvæli (Stj.útd. ESB L 343, 14.12.2012, bls. 1).

<sup>(7)</sup> Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 664/2014 frá 18. desember 2013 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1151/2012 að því er varðar stofnun Evrópusambandstákna fyrir verndaðar upprunatáknarnir, verndaðar landfræðilegar merkingar og hefðbundnar afurðir eða matvæli sem viðurkennt er að hafi tiltekin sérkenni og að því er varðar tilteknar reglur um uppruna, tilteknar málsmeðferðarreglur og tilteknar viðbótarumbreytingarreglur (Stj.útd. ESB L 179, 19.6.2014, bls. 17).

<sup>(8)</sup> Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 668/2014 frá 13. júní 2014 um reglur vegna beitingar reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1151/2012 um gæðakerfi fyrir landbúnaðarafurðir og matvæli (Stj.útd. ESB L 179, 19.6.2014, bls. 36).

- 13) Virðisauki verndaðrar upprunatáknunar eða verndaðrar landfræðilegrar merkingar byggist á virðisábyrgðunum sem neytendum eru veittar. Kerfið er einungis marktækt ef því fylgir skilvirk auðkenning, eftirlit og endurskoðun sem felst m.a. í kerfi fyrir eftirlit á öllum stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar, sem er stjórnað af lögbærum yfirvöldum sem aðildarríkin tilnefna í samræmi við 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 882/2004 <sup>(9)</sup>. Í þessu samhengi er nauðsynlegt að líta til reglna um eftirlit, opinbert eftirlit og úttektir sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 882/2004 og aðlaga þær að rekstri sem varðar verndaðar upprunatáknanir og verndaðar landfræðilegar merkingar í víngeiranum.
- 14) Setja ætti reglur að því er varðar eftirlit með vínnum sem bera verndaða upprunatáknun eða verndaða landfræðilega merkingu sem varðar landsvæði í þriðja landi.
- 15) Faggilding eftirlitsyfirvalda ætti að fara fram í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 <sup>(10)</sup> og ætti að fara að alþjóðastöðlum sem þróaðir eru af Staðlasamtökum Evrópu (CEN) og Alþjóðlegu staðlasamtökunum (ISO). Faggilt eftirlitsyfirvöld ættu að fara að þessum stöðlum í starfi sínu.
- 16) Rétt þykir, til að gefa Kýpur nægilegan tíma til að aðlaga og samstillta eftirlitskerfi sitt við ákvæði reglugerðar (EB) nr. 765/2008, að veita henni undanþágu frá kröfunni um að vottunaraðilar skuli fara að ISO-stöðlum í tvö ár frá gildistöku þessarar reglugerðar.
- 17) Veita ætti aðildarríkjum heimild til að innheimta gjöld af rekstraraðilum til að standa undir kostnaðinum við að koma á fót og reka eftirlitskerfið.
- 18) Til að tryggja samræmi á milli aðildarríkja í því hvernig heiti, sem eru færð í skrána, eru vernduð gegn óréttmætri notkun og hvernig komið er í veg fyrir notkun aðferða sem eru líklegar til að villa um fyrir notendum ætti að mæla fyrir um samræmd skilyrði varðandi þær aðgerðir sem ætti að framkvæma á vettvangi aðildarríkjanna að því er þetta varðar.
- 19) Aðildarríki ættu að senda framkvæmdastjórninni heiti og heimilisföng lögbæru yfirvaldanna og eftirlitsaðilanna. Til að greiða fyrir samræmingu og samstarfi meðal aðildarríkjanna, að því er varðar eftirlitskerfi sem eru til staðar fyrir verndaðar upprunatáknanir og verndaðar landfræðilegar merkingar, ætti framkvæmdastjórnin að birta þessi heiti og heimilisföng opinberlega. Lögbær yfirvöld þriðju landa ættu að senda upplýsingar til framkvæmdastjórnarinnar um eftirlit sem er í gildi í þeim löndum, fyrir heiti sem njóta verndar í Sambandinu, í því skyni að kanna samræmi eftirlitskerfisins.
- 20) Fyrir sakir skýrleika og gagnsæis og í þágu þess að tryggja samræmda beitingu laga Sambandsins er nauðsynlegt að mæla fyrir um sértæk tæknileg ákvæði um eðli og innihald eftirlitsins, sem framkvæma skal á ársgrundvelli til viðbótar við reglurnar um samstarf milli aðildarríkja um það efni, einkum með vísan í ákvæði framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/273 <sup>(11)</sup>.
- 21) Til að tryggja að hefðbundin heiti sem sóst er eftir vernd fyrir uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 og í þágu réttarvissu er nauðsynlegt að koma á nákvæmum reglum um málsmeðferð fyrir umsóknir um vernd, andmæli, breytingu eða afturköllun á hefðbundnum heitum tiltekinna vínræktarafurða. Í þessum reglum ætti að tilgreina upplýsingar að því er varðar innihald umsóknarinnar, sem og í tengslum við viðeigandi viðbótarupplýsingar og fylgiskjöl sem krafist er, fresti sem skal virða og samskipti milli framkvæmdastjórnarinnar og þeirra aðila sem koma að hverri málsmeðferð fyrir sig.
- 22) Setja ætti sértækar reglur um skráningu og færslu á hefðbundnum heitum inn í skrá Sambandsins til að neytendur og rekstraraðilar í viðskiptum geti komist að því hvaða hefðbundnu heiti njóta verndar í Sambandinu. Til að tryggja að skráin sé öllum aðgengileg skal hún vera aðgengileg á rafrænu formi.

<sup>(9)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt (Stjtið. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1).

<sup>(10)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 frá 9. júlí 2008 um kröfur varðandi faggilding og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum og um niðurfellingu reglugerðar (EBE) nr. 339/93 (Stjtið. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 30).

<sup>(11)</sup> Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/273 frá 11. desember 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar fyrirkomulag við veitingu leyfa til plöntunar á vínvið, skrána yfir vénekrur, fylgiskjöl og vottun, innfærslu- og útfærsluskrána, lögboðnar yfirlýsingar, tilkynningar og birtingu tilkynntra upplýsinga og um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1306/2013 að því er varðar viðeigandi eftirlit og viðurlög, um breytingu á reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 555/2008, (EB) nr. 606/2009 og (EB) nr. 607/2009 og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 436/2009 og framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/560 (ESB) 2015/560 (Stjtið. ESB L 58, 28.2.2018, bls. 1).

- 23) Í ljósi efnahagslegs mikilvægis hefðbundinna heita og til að sjá til þess að ekki sé villt um fyrir neytendum, ættu landsbundin yfirvöld að gera ráðstafanir gegn ólögmetri notkun hefðbundinna heita og banna markaðssetningu slíkra afurða.
- 24) Til að auka skilvirkni í rekstri stjórnsýslu og með tilliti til fenginnar reynslu af notkun á upplýsingakerfum sem framkvæmdastjórnin hefur komið upp skal einfalda samskiptin milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar og skiptast skal á upplýsingum í samræmi við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1183 <sup>(12)</sup> og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1185 <sup>(13)</sup>.
- 25) Framkvæmdastjórnin hefur komið á fót upplýsingakerfinu „E-Ambrosia“ til að halda utan um umsóknir um vernd og um breytingar á forskriftum fyrir afurðir með verndaðar upprunatáknar og landfræðilegar merkingar í víngeiranum. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin ættu að halda áfram að nota þetta kerfi til samskipta varðandi málsmeðferðir sem tengjast umsóknum um vernd og um samþykki fyrir breytingum. Vegna hins stranga faggildingakerfis ætti hins vegar ekki að nota þetta kerfi til samskipta við aðildarríki varðandi málsmeðferð vegna andmæla og beiðna um afturköllun og ekki ætti að nota það til samskipta við þriðju lönd. Þess í stað ættu aðildarríki, lögbær yfirvöld og atvinnugreinasamtök þriðju landa, sem og einstaklingar eða lögaðilar sem hafa lögmetra hagsmuna að gæta samkvæmt þessari reglugerð, að eiga samskipti við framkvæmdastjórnina í gegnum tölvupóst að því er varðar málsmeðferð vegna andmæla og beiðna um afturkallanir.
- 26) Enn er ekki haldið utan um umsóknir um skráningu, breytingu eða afturköllun á hefðbundnum heitum með miðlægu upplýsingakerfi. Þess í stað ætti að halda áfram að leggja þessar umsóknir fram í gegnum tölvupóst, á eyðublöðunum sem sett eru fram í VIII. til XI. viðauka. Öll önnur samskipti eða upplýsingaskipti varðandi hefðbundin heiti ættu einnig að fara fram í gegnum tölvupóst.
- 27) Skilgreina ætti hvernig framkvæmdastjórnin gerir upplýsingar um verndaðar upprunatáknar og verndaðar landfræðilegar merkingar og hefðbundin heiti í víngeiranum aðgengilegar almenningi.
- 28) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

#### I. KAFLI

#### INNGANGSÁKVÆÐI

#### 1. gr.

#### Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um beitingu ákvæða reglugerðar (ESB) nr. 1306/2013 og (ESB) nr. 1308/2013, eftir því sem við á, varðandi verndaðar upprunatáknar, verndaðar, landfræðilegar merkingar og hefðbundin heiti í víngeiranum, að því er varðar:

- a) umsóknir um vernd,
- b) andmælameðferð,
- c) breytingar á forskriftum fyrir afurðir og breytingar á hefðbundnum heitum,
- d) skrána,

<sup>(12)</sup> Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1183 frá 20. apríl 2017 um viðbætur við reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1307/2013 og (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar miðlun á upplýsingum og skjölum til framkvæmdastjórnarinnar (Stjtið. ESB L 171, 4.7.2017, bls. 100).

<sup>(13)</sup> Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1185 frá 20. apríl 2017 um reglur um beitingu reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1307/2013 og (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar miðlun á upplýsingum og skjölum til framkvæmdastjórnarinnar og um breytingu og niðurfellingu á nokkrum reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (Stjtið. ESB L 171, 4.7.2017, bls. 113).

- e) afturköllun verndar,
- f) notkun Evrópusambandstákna,
- g) eftirlit,
- h) samskipti.

## II. KAFLI

### VERNDAÐAR UPPRUNATÁKNANIR OG LANDFRÆÐILEGAR MERKINGAR

#### 1. ÞÁTTUR

##### *Umsókn um vernd*

##### *2. gr.*

##### **Umsóknir aðildarríkja um vernd**

Þegar aðildarríki senda umsókn um vernd til framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 96. gr. (5. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 skulu þau láta fylgja rafræna tilvísun í birtinguna á forskriftinni fyrir afurðina, sem um getur í 97. gr. (3. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, og yfirlýsinguna sem um getur í 6. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/33.

##### *3. gr.*

##### **Umsóknir þriðju landa um vernd**

Umsóknir um vernd sem varða landsvæði í þriðja landi skulu lagðar fram af stökum framleiðanda í skilningi 3. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/33 eða hópi framleiðenda sem hafa lögmætra hagsmuna að gæta, annaðhvort beint til framkvæmdastjórnarinnar eða í gegnum yfirvöld þess þriðja lands og skulu að auki uppfylla kröfurnar í 3. mgr. 94. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.

##### *4. gr.*

##### **Sameiginlegar umsóknir**

1. Eitt hlutaðeigandi aðildarríkja eða umsækjandi, í skilningi 3. gr., í einu þeirra þriðju landa sem um ræðir, skal leggja sameiginlega umsókn, eins og um getur í 3. mgr. 95. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, fyrir framkvæmdastjórnina, annaðhvort beint eða í gegnum yfirvöld þess þriðja lands. Kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 94. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 og í 2. og 3. gr. þessarar reglugerðar, skulu uppfylltar í öllum hlutaðeigandi aðildarríkjum og þriðju löndum.
2. Aðildarríki, þriðja land eða umsækjandi í skilningi 3. gr. sem hefur staðfestu í þriðja landi, sem leggur fyrir framkvæmdastjórnina sameiginlega umsókn eins og um getur í 1. mgr., verður viðtakandi allra tilkynninga eða ákvarðana sem framkvæmdastjórnin gefur út.

##### *5. gr.*

##### **Eitt skjal**

1. Eina skjalið sem um getur í d-lið 1. mgr. 94. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 skal m.a. innihalda eftirfarandi meginþætti forskriftarinnar fyrir afurðina:

- a) heitið sem á að njóta verndar sem upprunatáknun eða landfræðileg merking,
- b) aðildarríkið eða þriðja landið sem afmarkaða svæðið tilheyrir,
- c) tegund landfræðilegrar merkingar,
- d) lýsingu á víninu eða vínunum,
- e) flokka vínreктarafurða,
- f) hámarksafurkastur á hektara,
- g) merkingu vínþrúguyrkisins eða -yrkjanna sem vínið eða vínin eru gerð úr,
- h) nákvæma skilgreiningu á afmarkaða landsvæðinu,
- i) lýsingu á tengslunum sem um getur í i. lið a-liðar eða i. lið b-liðar 1. mgr. 93. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013,

- j) eftir atvikum, tilgreindar vínfræðilegar vinnsluáðferðir sem notaðar eru til að framleiða vínið eða vínin, ásamt takmörkunum sem skipta máli varðandi framleiðslu þeirra,
- k) eftir atvikum, sértækar reglur um umbúðir og merkingar og aðrar nauðsynlegar og viðeigandi kröfur.

2. Lýsingin á tengslunum sem um getur í i. lið 1. mgr. skal innihalda:

- a) ef um er að ræða upprunatáknun, lýsingu á orsakatengslunum milli gæða og einkenna afurðarinnar og landfræðilega umhverfisins ásamt eðlislægum náttúrulegum og mannlegum þáttum þess sem tengjast þeim í grundvallaratriðum eða eingöngu, þ.m.t., eftir atvikum, þættir afurðalýsingarinnar eða framleiðsluáðferðarinnar sem réttlæta tengslin,
- b) ef um er að ræða landfræðilega merkingu, lýsingu á orsakatengslunum á milli landfræðilega upprunans og viðkomandi sérstakra gæða, orðspors eða annarra einkenna afurðarinnar sem rekja má til landfræðilegs uppruna hennar, ásamt yfirlýsingu sem gefur til kynna á hverjum hinna tilgreindu þátta — sérstakra gæða, orðspors eða annarra einkenna sem rekja má til landfræðilegs uppruna afurðarinnar — orsakatengslin byggjast. Lýsingin má einnig varða þætti afurðalýsingarinnar eða framleiðsluáðferðarinnar sem réttlæta orsakatengslin.

Ef umsókn varðar ólíka flokka vínreктarafurða skal sýna fram á upplýsingarnar sem sanna tengslin fyrir sérhverja vínreктarafurð sem um ræðir.

3. Eina skjalið skal tekið saman í samræmi við eyðublaðið sem er hægt að nálgast í gegnum upplýsingakerfin sem um getur í a-lið 1. mgr. 30. gr. Þriðju lönd skulu nota fyrirmyndina fyrir einu skjölin sem er sett fram í I. viðauka.

6. gr.

#### **Landsvæði**

Afmarkaða landsvæðið skal skilgreint á nákvæman hátt sem býður ekki upp á neina tvíræðni og vísar eftir því sem mögulegt er til efnislegra eða stjórnsýslulegra marka.

7. gr.

#### **Grannskoðunarferli**

1. Ef tæk umsókn uppfyllir ekki skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. undirþætti 2. þáttar I. kafla II. bóls II. hluta reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 skal framkvæmdastjórnin tilkynna aðildarríkinu eða yfirvöldum þriðja landsins eða umsækjandanum sem hefur staðfestu í viðkomandi þriðja landi um ástæður synjunar og gefa frest til að draga umsóknina til baka eða breyta henni eða til að leggja fram athugasemdir.

Ef, að þeim upplýsingum fengnum, umtalsverðar breytingar eru gerðar á forskriftinni fyrir afurðina áður en ný útgáfa eina skjalsins er send til framkvæmdastjórnarinnar skal birta þær breytingar þannig að það nægi til að einstaklingar eða lögaðilar, sem hafa lögættra hagsmuna að gæta og hafa staðfestu eða búsetu á yfirráðasvæði hlutaðeigandi aðildarríkis, geti lagt fram andmæli. Rafræna tilvísunin í birtri útgáfu forskriftarinnar fyrir afurðina skal uppfærð og skal leiða til samsteyprar útgáfu af fyrirhugaðri forskrift fyrir afurðina.

2. Ef yfirvöld aðildarríkisins eða þriðja landsins eða umsækjandinn sem hefur staðfestu í viðkomandi þriðja landi ræður ekki bót á þeim hindrunum sem standa í vegi fyrir veitingu verndar innan frestsins sem veittur er skal framkvæmdastjórnin hafna umsókninni í samræmi við 4. mgr. 97. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.

3. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um að hafna viðkomandi umsókn skal byggjast á þeim skjölum og upplýsingum sem hún hefur aðgang að. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna yfirvöldum aðildarríkisins eða þriðja landsins eða umsækjandanum sem hefur staðfestu í viðkomandi þriðja landi um þá ákvörðun að hafna umsókninni.

2. ÞÁTTUR

#### **Andmælameðferð**

8. gr.

#### **Málsmeðferðarreglur vegna andmæla**

1. Rökstudd yfirlýsing um andmæli eins og um getur í 98. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 og 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) 2019/33 skal innihalda:

- a) tilvísunina í heitið, sem andmælin varða, sem birt var í L-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins*,

- b) heiti og samskiptaupplýsingar yfirvaldsins eða aðilans sem lagði fram andmælin,
- c) lýsingu á lögmatum hagsmunum einstaklingsins eða lögaðilans sem lagði fram andmælin, að undanskildum landsbundnum yfirvöldum sem hafa réttarstöðu lögaðila í réttarkerfi þess lands,
- d) tilgreiningu á ástæðunum fyrir andmælunum, eins og um getur í 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) 2019/33,
- e) upplýsingar um staðreyndir málsins, sönnunargögn og athugasemdir sem styðja við andmælin.

Henni mega fylgja fylgiskjöl ef við á.

Ef andmælin byggjast á tilveru eldra vörumerkis sem nýtur orðspors og orðstírs skal eftirfarandi fylgja andmælunum:

- a) sönnun fyrir umsókn um eða skráningu á eldra vörumerkinu eða sönnun fyrir notkun þess og
- b) sönnun fyrir orðspori og orðstír þess.

Upplýsingarnar og sönnunargögnin sem leggja skal fram til stuðnings þess að eldra vörumerki hafi verið notað skulu fela í sér upplýsingar varðandi staðsetningu, tímalengd, umfang og eðli notkunar eldra vörumerkisins og um orðspor þess og orðstír.

Útbúa skal rökstudda yfirlýsingu um andmæli í samræmi við eyðublaðið sem sett er fram í II. viðauka.

2. Þriggja mánaða tímabilið sem um getur í 1. mgr. 12. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/33 skal hefjast á þeim degi þegar boðið um að taka þátt í viðræðufundum er afhent hagsmunaaðilum með rafrænum hætti.

3. Tilkynna skal framkvæmdastjórninni um niðurstöður viðræðufundanna sem um getur í 3. og 4. mgr. 12. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/33 innan eins mánaðar frá lokum viðræðnanna, í samræmi við eyðublaðið sem sett er fram í III. viðauka við þessa reglugerð.

### 3. ÞÁTTUR

#### ***Breytingar á forskrift fyrir afurð***

##### 9. gr.

#### **Umsóknir um breytingar á vegum Sambandsins**

1. Umsókn um breytingu á vegum Sambandsins á forskrift fyrir afurð, eins og um getur í 105. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 og 15. og 16. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/33, skal innihalda:

- a) tilvísunina í verndaða heitið sem breytingin varðar,
- b) heiti umsækjanda og lýsingu á lögmatum hagsmunum umsækjandans,
- c) yfirskriftina í forskriftinni fyrir afurðina sem breytingin hefur áhrif á,
- d) tæmandi lýsingu á og sérstakar ástæður fyrir hverri breytingu sem lögð er til,
- e) samsteypt og tilhlýðilega útfyllt eitt skjal, með breytingum,
- f) rafrænu tilvísunina í birta útgáfu samsteyptrar og tilhlýðilega útfylltrar forskriftar fyrir afurðina, með breytingum.

2. Umsókn um breytingu á vegum Sambandsins skal tekin saman í samræmi við eyðublaðið sem er hægt að nálgast í gegnum upplýsingakerfin sem um getur í a-lið 1. mgr. 30. gr. Þriðju lönd skulu nota eyðublaðið sem sett er fram í IV. viðauka.

Breytta eina skjalið skal tekið saman í samræmi við 5. gr. Rafræna tilvísunin í birta útgáfu forskriftarinnar fyrir afurðina skal leiða til samsteyptrar útgáfu af fyrirhugaðri forskrift fyrir afurðina. Umsókn frá þriðja landi getur innihaldið afrit af samsteyptri útgáfu forskriftarinnar fyrir afurðina í stað rafrænu tilvísunarinnar í útgefna útgáfu forskriftarinnar fyrir afurð.

3. Upplýsingarnar, sem birta skal skv. 3. mgr. 97. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, skulu innihalda tilhlýðilega útfylltu umsóknina sem um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar.

*10. gr.***Orðsending um almenna breytingu**

1. Orðsending um almenna breytingu á forskrift fyrir afurð, sem um getur í 17. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/33, skal innihalda:
  - a) tilvísunina í verndaða heitið sem almenna breytingin varðar,
  - b) lýsingu á og ástæður fyrir samþykktum breytingum,
  - c) ákvörðunina um að samþykkja almennu breytinguna eins og um getur í 2. og 3. mgr. 17. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/33,
  - d) samsteypa eina skjalið, með breytingum, ef við á,
  - e) rafrænu tilvísunina í birta útgáfu samsteypu forskriftarinnar fyrir afurðina, með breytingum.
2. Orðsending frá aðildarríki skal innihalda yfirlýsingu frá því aðildarríki um að það telji samþykktu breytinguna samræmast kröfunum í reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 og framseldri reglugerð (ESB) 2019/33.
3. Ef um er að ræða afurðir upprunnar í þriðju löndum skal orðsendingin frá yfirvöldunum í þriðja landinu eða frá umsækjanda í skilningi 3. gr., sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta, innihalda sannanir fyrir því að breytingin gildi í þriðja landinu. Í stað tilvísunarinnar í birtu útgáfuna getur hún innihaldið samsteypu forskriftina fyrir afurðina eins og hún var birt opinberlega.
4. Nota skal eyðublaðið sem hægt er að nálgast í gegnum upplýsingakerfin sem um getur í a-lið 1. mgr. 30. gr. fyrir orðsendingarnar sem um getur í 1. og 2. mgr.
5. Nota skal eyðublaðið sem sett er fram í V. viðauka fyrir orðsendingarnar sem um getur í 3. mgr.

*11. gr.***Orðsending um tímabundna breytingu**

1. Orðsending um tímabundna breytingu á forskrift fyrir afurð, sem um getur í 18. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/33, skal innihalda:
  - a) tilvísunina í verndaða heitið sem hún varðar,
  - b) lýsingu á samþykktu tímabundnu breytingunni ásamt ástæðum sem styðja tímabundnu breytinguna sem um getur í 2. mgr. 14. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/33,
  - c) rafrænu tilvísunina í birta útgáfu landsbundnu ákvörðunarinnar um að samþykkja tímabundnu breytinguna.
2. Orðsending frá aðildarríki skal innihalda yfirlýsingu frá því aðildarríki um að það telji samþykktu breytinguna samræmast kröfunum í reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 og framseldri reglugerð (ESB) 2019/33.
3. Ef um er að ræða afurðir upprunnar í þriðju löndum skal orðsendingin frá yfirvöldunum í þriðja landinu eða frá umsækjanda í skilningi 3. gr., sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta, innihalda sannanir fyrir því að breytingin gildi í þriðja landinu. Í stað tilvísunarinnar í birtu útgáfuna getur hún innihaldið samsteypu forskriftina fyrir afurðina eins og hún var birt opinberlega.
4. Nota skal eyðublaðið sem hægt er að nálgast í gegnum upplýsingakerfin sem um getur í a-lið 1. mgr. 30. gr. fyrir orðsendingarnar sem um getur í 1. og 2. mgr.
5. Nota skal eyðublaðið sem sett er fram í VI. viðauka fyrir orðsendingarnar sem um getur í 3. mgr.

*4. ÞÁTTUR***Skrá***12. gr.***Skrá**

1. Við gildistöku ákvörðunar um að veita vernd fyrir heiti upprunatáknunar eða landfræðilegrar merkingar skal framkvæmdastjórnin skrá eftirfarandi gögn í rafrænu skrána yfir verndaðar upprunatáknanir og verndaðar, landfræðilegar merkingar sem komið var á fót í samræmi við 104. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013:
  - a) heitið sem á að njóta verndar sem upprunatáknun eða landfræðileg merking,
  - b) skrárnúmerið,



- c) hvort heitið njóti verndar sem upprunatáknun eða landfræðileg merking,
  - d) heiti upprunalandins eða -landanna,
  - e) dagsetningu skráningar,
  - f) rafræna tilvísun í lagagerninginn sem veitir heitinu vernd,
  - g) rafræna tilvísun í eina skjalið,
  - h) rafræna tilvísun í birta útgáfu forskriftarinnar fyrir afurðina, ef landsvæðið liggur innan yfirráðasvæðis aðildarríkis.
2. Þegar framkvæmdastjórnin samþykkir breytingu á forskrift fyrir afurð eða fær orðsendingu um samþykta breytingu á forskrift fyrir afurð, sem felur í sér breytingu á þeim upplýsingum sem eru skráðar í skrána, skal hún skrá nýju gögnin frá og með gildistöku ákvörðunarinnar um að samþykkja breytinguna.
3. Þegar afturköllun tekur gildi skal framkvæmdastjórnin fjarlægja heitið úr skránni og halda eftir skráningu á afturkölluninni.
4. Færa skal öll gögn, sem eru til staðar í rafræna gagnasafninu „e-Bacchus“ sem um getur í 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 607/2009 á gildistökuþegi þessarar reglugerðar, í rafrænu skrána sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.
5. Skráin skal vera aðgengileg almenningi.

#### 5. ÞÁTTUR

##### *Afturköllun*

##### *13. gr.*

#### **Beiðnir um afturköllun**

1. Beiðni um að afturkalla vernd fyrir upprunatáknun eða landfræðilega merkingu eins og um getur í 106. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 skal innihalda:
- a) tilvísunina í verndaða heitið sem hún varðar,
  - b) heiti og samskiptaupplýsingar yfirvaldsins eða einstaklingsins eða lögaðilans sem vill láta afturkalla verndina,
  - c) lýsingu á lögmætum hagsmunum einstaklingsins eða lögaðilans sem vill láta afturkalla verndina, að undanskildum landsbundnum yfirvöldum sem hafa réttarstöðu lögaðila í réttarkerfi þess lands,
  - d) tilgreiningu á ástæðunni fyrir afturkölluninni,
  - e) upplýsingar um staðreyndir málsins, sönnunargögn og athugasemdir sem styðja við afturköllunarbeiðnina.

Henni mega fylgja fylgiskjöl ef við á.

Útbúa skal beiðni um afturköllun í samræmi við eyðublaðið í VII. viðauka.

#### 6. ÞÁTTUR

##### *Notkun á Evrópusambandstákninu*

##### *14. gr.*

#### **Evrópusambandstákníð**

Evrópusambandstákníð sem gefur til kynna verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu, sem um getur í e-lið 1. mgr. 120. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, skal birt á því formi sem mælt er fyrir um í X. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 668/2014.

#### 7. ÞÁTTUR

##### *Eftirlit*

##### *15. gr.*

#### **Yfirvöld sem bera ábyrgð á að sannprófa að farið sé að forskrift fyrir afurð**

1. Þegar ábyrg lögbær yfirvöld og eftirlitsaðilar framkvæma eftirlitið sem kveðið er á um í þessum þætti skulu þau fara að kröfunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 882/2004.

2. Að því er varðar verndaðar upprunatáknarnir og verndaðar, landfræðilegar merkingar sem varða landsvæði í þriðja landi skulu eftirfarandi aðilar framkvæma árlega sannprófun á því að farið sé að forskriftinni fyrir afurðina á framleiðslustiginu og meðan á formeðhöndlun vínsins stendur eða að henni lokinni:

- a) eitt eða fleiri opinber yfirvöld sem þriðja landið tilnefnir eða
- b) einn eða fleiri vottunaraðilar.

3. Eftirlitsyfirvöldin sem um getur í 3. mgr. 90. gr. reglugerðar (ESB) 1306/2013 og einn eða fleiri vottunaraðilar sem um getur í b-lið 2. mgr. þessarar greinar skulu uppfylla, og vera faggilt í samræmi við, alþjóðlega staðalinn ISO/IEC 17065:2012.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. og í tvö ár frá gildistökudegi þessarar reglugerðar skal Kýpur ekki vera bundin af skuldbindingunni um að uppfylla, og vera faggilt í samræmi við, alþjóðlega staðalinn ISO/IEC 17065:2012.

4. Ef yfirvaldið sem um getur í 2. mgr. 90. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1306/2013 og eitt eða fleiri yfirvöld, sem um getur í a-lið 2. mgr. þessarar greinar, sannprófa að farið sé að forskriftinni fyrir afurð skulu þau bjóða upp á viðunandi tryggingu fyrir hlutlægni og óhlutdrægni og hafa yfir að ráða sérmenntuðu starfsfólki og þeim tilföngum sem þarf til að þau geti sinnt störfum sínum.

5. Allir rekstraraðilar sem vilja taka þátt, í heild eða að hluta til, í framleiðslu eða, ef við á, pakkingu afurðar með verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu skulu upplýsa lögbæra yfirvaldið sem um getur í 2. mgr. 90. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1306/2013 um það.

6. Veita skal aðildarríkjum heimild til að leggja gjöld á rekstraraðila sem sæta eftirliti til að standa undir kostnaðinum við að koma eftirlitskerfinu fót og reka það.

*16. gr.*

#### **Aðgerðir sem aðildarríkin skulu framkvæma til að koma í veg fyrir ólögmæta notkun á vernduðum upprunatáknunum og vernduðum, landfræðilegum merkingum**

Aðildarríkin skulu framkvæma eftirlit á grundvelli áhættugreiningar til að koma í veg fyrir eða stöðva ólögmæta notkun á vernduðum upprunatáknunum og vernduðum, landfræðilegum merkingum á afurðum sem eru framleiddar eða settar á markað á yfirráðasvæðum þeirra.

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að takast á við að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum, þ.m.t. stjórnsýslulegar og réttarfarslegar ráðstafanir.

Aðildarríkin skulu tilnefna yfirvöldin sem bera ábyrgð á þessum ráðstöfunum, í samræmi við málsmeðferðarreglur sem eru ákvarðaðar í hverju aðildarríki. Tilnefndu yfirvöldin skulu leggja fram viðeigandi tryggingar fyrir hlutlægni sinni og óhlutdrægni og hafa yfir að ráða sérmenntuðu starfsfólki og þeim tilföngum sem þarf til að það geti sinnt störfum sínum.

*17. gr.*

#### **Samskipti milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar**

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni upplýsingar um lögbæra yfirvaldið sem um getur í 90. gr. (2. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 1306/2013, þ.m.t. yfirvöld sem um getur í 16. gr. þessarar reglugerðar og, eftir atvikum, eftirlitsaðila sem um getur í 90. gr. (3. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 1306/2013. Framkvæmdastjórnin skal birta opinberlega heiti og heimilisföng lögbæra yfirvaldsins eða lögbæru yfirvaldanna eða eftirlitsaðilanna.

*18. gr.*

#### **Samskipti milli þriðju landa og framkvæmdastjórnarinnar**

Þegar vín frá þriðju löndum njóta verndaðrar upprunatáknunar eða landfræðilegrar merkingar skal hlutaðeigandi þriðja land senda framkvæmdastjórninni, að beiðni hennar:

- a) upplýsingar um tilnefnd yfirvöld eða vottunaraðila sem framkvæma árlega sannprófun á því að farið sé að forskriftinni fyrir afurðina á meðan á framleiðslu stendur og meðan á formeðhöndlun vínsins stendur eða að henni lokinni,
- b) upplýsingar þar sem fram kemur hvaða þættir falla undir eftirlitið,
- c) sönnun fyrir því að umrætt vín uppfylli skilyrði viðkomandi upprunatáknunar eða landfræðilegrar merkingar.

## 19. gr.

**Árleg sannprófun**

1. Árlega sannprófunin sem lögbæra yfirvaldið eða eftirlitsaðilarnir, sem um getur í 3. mgr. 90. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1306/2013, framkvæma skal samanstanda af:

- a) skynmats- og greiningarprófun á afurðum sem bera upprunatáknun,
- b) greiningarprófun eingöngu eða bæði skynmats- og greiningarprófun á afurðum sem bera landfræðilega merkingu,
- c) athugun á því hvort önnur skilyrði sem sett eru fram í forskriftinni fyrir afurðina séu uppfyllt.

Árlega sannprófunin skal framkvæmd í aðildarríkinu þar sem framleiðsla í samræmi við forskriftina fyrir afurðina fer fram og skal gerð með einni eða fleiri eftirtöldum aðferðum:

- a) með slembiathugunum á grundvelli áhættugreiningar,
- b) með sýnatöku,
- c) með kerfisbundnu eftirliti.

Þegar aðildarríki kjósa að framkvæma slembiathuganir sem um getur í a-lið annarrar undirgreinar skulu þau velja lágmarksfjölda rekstraraðila til að sæta þessu eftirliti.

Ef aðildarríkin kjósa að beita sýnatöku sem um getur í b-lið annarrar undirgreinar skulu þau tryggja að fjöldi, eðli og tíðni athugana séu dæmigerð fyrir allt afmarkaða landfræðilega svæðið sem um ræðir og séu í hlutfalli við það magn afurða úr víngeiranum sem er sett á markað eða geymt með það í huga að setja það á markað.

2. Prófanirnar sem um getur í a- og b-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. skulu gerðar á nafnlausum sýnum og skulu sýna fram á að afurðin sem prófuð er samræmist þeim einkennum og gæðum sem lýst er í forskriftinni fyrir afurðina fyrir viðkomandi upprunatáknun eða landfræðilega merkingu.

Prófanirnar skulu gerðar hvenær sem er í framleiðsluferlinu og á þökkunarstiginu ef við á. Hvert sýni sem tekið er skal vera dæmigert fyrir viðkomandi vín sem rekstraraðilinn á til á lager.

3. Í þeim tilgangi að athuga fylgni við forskriftina fyrir afurðina, sem um getur í c-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr., skal eftirlitsyfirvaldið:

- a) framkvæma vettvangsskoðun á athafnasvæði rekstraraðila til að sannreyna að rekstraraðilarnir séu í raun færir um að uppfylla þau skilyrði sem mælt er fyrir um í forskriftinni fyrir afurðina,
- b) framkvæma skoðun á afurðunum hvenær sem er í framleiðsluferlinu og á þökkunarstiginu, ef við á, á grundvelli skoðunaráætlunar sem nær til allra stiga framleiðslu afurðarinnar, sem eftirlitsyfirvaldið gerir fyrir fram og rekstraraðilar hafa vitneskju um.

4. Með árlegu sannprófuninni skal tryggja að vernduð upprunatáknun eða landfræðileg merking sé eingöngu notuð í tengslum við afurð þegar:

- a) niðurstöður prófananna sem um getur í a- og b-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. og í 2. mgr. sýna fram á að afurðin sem um ræðir standist skilyrðin í forskriftinni fyrir afurðina og búi yfir öllum viðeigandi eiginleikum sem krafist er fyrir þá upprunatáknun eða landfræðilegu merkingu sem um er að ræða,
- b) skoðanir sem eru gerðar í samræmi við 3. mgr. staðfesta að önnur skilyrði sem skráð eru í forskriftinni fyrir afurðina séu uppfyllt.

5. Ef um er að ræða verndaða upprunatáknun eða landfræðilega merkingu sem nær yfir landamæri mega eftirlitsyfirvöld hvors hlutaðeigandi aðildarríkis sem er framkvæma sannprófunina.

6. Setja má afurð, sem uppfyllir ekki þau skilyrði sem sett eru fram 1. til 5. mgr., á markað en þá án viðkomandi upprunatáknunar eða landfræðilegrar merkingar, að því tilskildu að önnur lagaskilyrði séu uppfyllt.

7. Þrátt fyrir 1. mgr. má framkvæma árlega sannprófun á þökkunarstigi afurðarinnar, á yfirráðasvæði annars aðildarríkis en þess þar sem framleiðslan átti sér stað, og þá gilda ákvæði 43. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/273.

Lögbær yfirvöld eða eftirlitsyfirvöld ólíkra aðildarríkja sem bera ábyrgð á að framkvæma eftirlit með verndaðri upprunatáknun eða verndaðri, landfræðilegri merkingu skulu vinna saman, einkum til að tryggja, með tilliti til skuldbindinga um þakningar, að rekstraraðilar með staðfestu í öðru aðildarríki en því þar sem framleiðsla vínsins, sem er skráð með verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu, fer fram uppfylli eftirlitsskyldurnar fyrir viðkomandi forskrift fyrir afurð.

8. Ákvæði 1. til 5. mgr. gilda um vín sem njóta landsbundinnar verndar á umbreytingargrundvelli skv. 8. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/33.

20. gr.

### Greiningar- og skynmatsprófanir

Greiningar- og skynmatsprófunin sem um getur í a- og b-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 19. gr. skal samanstanda af:

- a) efnislegri og efnafræðilegri greiningu á viðkomandi víni með því að mæla eftirfarandi einkennandi eiginleika:
  - i. heildaralkóhólstyrkleika og raunverulegan alkóhólstyrkleika,
  - ii. heildarsykurinnihald, gefið upp sem frúktósi og glúkósi (þ.m.t. súkrósi þegar um er að ræða hálfreyðandi vín og freyðivín),
  - iii. heildarsýruinnihald
  - iv. innihald rokkgjarnra sýra,
  - v. heildarmagn brennisteinsdíoxíðs,
- b) viðbótargreiningu á viðkomandi víni, þar sem eftirfarandi einkennandi eiginleikar eru mældir:
  - i. koltvísýringur (hálfreyðandi vín og freyðivín, umframþrýstingur í börum við 20 °C),
  - ii. allir aðrir einkennandi eiginleikar sem kveðið er á um í löggjöf aðildarríkja eða forskriftum fyrir afurðir fyrir viðkomandi verndaðar upprunatáknar og landfræðilegar merkingar,
- c) skynmatsprófun sem nær til útlits, lyktar og bragðs.

### III. KAFLI

#### HEFÐBUNDIN HEITI

##### 1. ÞÁTTUR

#### Umsóknir um vernd

21. gr.

#### Umsókn um vernd

1. Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna eða þriðju landanna eða atvinnugreinasamtök með staðfestu í þriðju löndum skulu senda framkvæmdastjórninni umsókn um vernd fyrir hefðbundið heiti í samræmi við 3. mgr. 30. gr.
2. Þegar um er að ræða beiðni, sem atvinnugreinasamtök með staðfestu í þriðja landi leggja fram, skal umsækjandinn senda framkvæmdastjórninni upplýsingar um atvinnugreinasamtökin og aðila að þeim í samræmi við 3. mgr. 30. gr. Framkvæmdastjórnin skal birta þessar upplýsingar opinberlega.

##### 2. ÞÁTTUR

#### Andmælameðferð

22. gr.

#### Framlagning andmæla

1. Aðildarríki, þriðja land, eða einstaklingur eða lögaðili sem á lögmætra hagsmuna að gæta getur lagt fram andmæli gegn umsókn um vernd á hefðbundnu heiti innan tveggja mánaða frá birtingardegi framkvæmdargerðarinnar, sem um getur í 3. mgr. 28. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/33, í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
2. Andmæli skulu send framkvæmdastjórninni í samræmi við 3. mgr. 30. gr.

23. gr.

#### Skjöl sem styðja við andmæli

1. Tilhlýðilega rökstudd andmæli skulu innihalda upplýsingar um staðreyndir, sönnunargögn og athugasemdir, sem lögð eru fram til stuðnings andmælunum, ásamt viðeigandi fylgiskjólum.
2. Ef andmælin byggjast á tilveru eldra vörumerkis sem nýtur orðspors og orðstírs skal eftirfarandi fylgja andmælunum:
  - a) sönnun fyrir umsókn um eða skráningu á eldra vörumerkinu eða sönnun fyrir notkun þess og
  - b) sönnun fyrir orðspori og orðstír þess.

Upplýsingarnar og sönnunargögnin sem leggja skal fram til stuðnings þess að eldra vörumerki hafi verið notað skulu fela í sér upplýsingar varðandi staðsetningu, tímalengd, umfang og eðli notkunar eldra vörumerkisins og um orðspor þess og orðstír.

3. Ef upplýsingar um eldri rétt sem tilkall er gert til, ástæður, staðreyndir, sönnunargögn eða athugasemdir, eða fylgiskjölin, sem um getur í 1. og 2. mgr., eru ekki lögð fram á sama tíma og andmælin eða það vantar upplýsingar eða skjöl skal framkvæmdastjórnin tilkynna yfirvaldinu eða aðilanum sem lagði fram andmælin um það og gefa kost á að ráða bót á þeim ágöllum sem um ræðir innan tveggja mánaða. Ef ekki er ráðin bót á ágöllum fyrir þann tíma skal framkvæmdastjórnin hafna andmælunum sem ótækum. Yfirvaldinu eða aðilanum sem lagði fram andmælin og aðildarríkinu eða yfirvaldi þriðja landsins eða atvinnugreinasamtökunum með staðfestu í viðkomandi þriðja landi skal tilkynnt um þá ákvörðun að hafna andmælum.

24. gr.

#### **Framlagning aðila á umsögnum**

1. Ef framkvæmdastjórnin tilkynnir umsækjandanum, sem lagði fram umsókn um vernd, um andmæli sem er ekki hafnað, í samræmi við 3. mgr. 23. gr., skal umsækjandinn leggja fram umsögn innan tveggja mánaða frá útgáfudegi slíkrar orðsendingar.
2. Óski framkvæmdastjórnin þess, meðan á grannskoðun hennar á andmælum stendur, skulu aðilarnir leggja fram athugasemdir um orðsendingarnar sem bárust frá hinum aðilunum, ef við á, innan tveggja mánaða frá útgáfu slíkrar beiðni.

3. ÞÁTTUR

#### **Vernd fyrir hefðbundin heiti**

25. gr.

#### **Skráning**

1. Við gildistöku ákvörðunar um að veita vernd fyrir hefðbundið heiti skal framkvæmdastjórnin skrá eftirfarandi gögn í rafrænu skrána yfir vernduð hefðbundin heiti:
  - a) heitið sem skal vernda sem hefðbundið heiti,
  - b) tegund hefðbundins heitis skv. 112. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013,
  - c) tungumálið sem um getur í 24. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/33,
  - d) flokk eða flokka vínrektarafurða sem verndin varðar,
  - e) tilvísun í landslöggjöf aðildarríkisins eða þriðja landsins þar sem hefðbundna heitið er skilgreint og reglufest, eða í reglur sem gilda um vínframleiðendur í þriðja landinu, þ.m.t. reglur atvinnugreinasamtaka ef landslöggjöf er ekki er til staðar í þessum þriðju löndum,
  - f) samantekt á skilgreiningunni eða skilyrðunum fyrir notkun,
  - g) heiti upprunallandsins eða -landanna,
  - h) dagsetning færslu á skrá.
2. Rafræna skráin yfir vernduð hefðbundin heiti skal gerð aðgengileg almenningi.

26. gr.

#### **Framfylgd verndarinnar**

Að því er varðar beitingu 113. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, þegar um er að ræða ólögsmæta notkun verndaðra hefðbundinna heita, skulu lögbær landsyfirlönd, að eigin frumkvæði eða að beiðni aðila, gera allar ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða stöðva setningu viðkomandi afurða á markað, þ.m.t. útflutning þeirra.

4. ÞÁTTUR

#### **Breyting og afturköllun**

27. gr.

#### **Beiðni um breytingu**

1. Ákvæði 21. til 24. gr. skulu gilda að breyttu breytanda um beiðni um að breyta vernduðu hefðbundnu heiti.
2. Þegar framkvæmdastjórnin samþykkir breytingu á hefðbundnu heiti skal hún skrá nýju forskriftirnar frá og með þeim degi þegar framkvæmdargerð til samþykkis breytingunni tekur gildi.

28. gr.

### Beiðni um afturköllun

1. Beiðni um afturköllun verndar fyrir hefðbundið heiti skal innihalda:
  - a) tilvísun í hefðbundna heitið sem um ræðir,
  - b) heiti og samskiptaupplýsingar einstaklingsins eða lögaðilans sem vill láta afturkalla verndina,
  - c) lýsingu á lögmætum hagsmunum einstaklingsins eða lögaðilans sem lagði fram beiðnina um afturköllun,
  - d) tilgreiningu á ástæðunum fyrir afturkölluninni, eins og um getur í 36. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/33,
  - e) upplýsingar um staðreyndir málsins, sönnunargögn og athugasemdir sem styðja við afturköllunarbeiðnina.

Henni mega fylgja fylgiskjöl ef við á.

2. Ef ítarlegar upplýsingar um ástæðurnar, staðreyndirnar, sönnunargögnin og athugasemdirnar, sem og fylgiskjölin sem um getur í 1. mgr., voru ekki afhent á sama tíma og afturköllunarbeiðnin skal framkvæmdastjórnin upplýsa höfund afturköllunarbeiðninnar um það og gefa honum kost á að ráða bót á þeim ágöllum sem um ræðir innan tveggja mánaða.

Ef ekki er ráðin bót á ágöllum fyrir þann tíma skal framkvæmdastjórnin telja afturköllunarbeiðnina ótæka og hafna henni. Tilkynna skal höfundi afturköllunarbeiðninnar um ákvörðunina um að telja beiðnina ótæka.

29. gr.

### Grannskoðun á beiðni um afturköllun

1. Ef framkvæmdastjórnin telur afturköllunarbeiðnina ekki ótæka í samræmi við 2. mgr. 28. gr. skal hún tilkynna yfirvöldum aðildarríkisins eða þriðja landsins eða umsækjandanum, sem hefur staðfestu í viðkomandi þriðja landi, um afturköllunarbeiðnina og bjóða þeim að leggja fram umsögn innan tveggja mánaða frá útgáfudegi slíks boðs. Höfundi beiðninnar skal tilkynnt um allar umsagnir sem berast á þessu tveggja mánaða tímabili.

Við rannsókn sína á afturköllunarbeiðni skal framkvæmdastjórnin bjóða aðilunum að leggja fram athugasemdir varðandi orðsendingarnar, sem bárust frá hinum aðilunum, innan tveggja mánaða frá útgáfudegi slíkrar beiðni.

2. Ef yfirvöld aðildarríkisins eða þriðja landsins eða umsækjandinn, sem hefur staðfestu í viðkomandi þriðja landi, eða höfundur afturköllunarbeiðninnar leggja ekki fram athugasemdir á móti eða virða ekki frestina skal framkvæmdastjórnin kveða upp úrskurð um beiðnina.

3. Framkvæmdastjórnin skal taka ákvörðun um að afturkalla vernd fyrir viðkomandi hefðbundið heiti á grundvelli þeirra sönnunargagna sem hún hefur aðgang að. Hún skal íhuga hvort ástæðurnar sem um getur í 36. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/33 séu uppfylltar.

Höfundi afturköllunarbeiðninnar og yfirvöldum hlutaðeigandi aðildarríkis eða þriðja lands skal tilkynnt um ákvörðunina um að afturkalla verndina fyrir hefðbundna heitið.

4. Þegar fleiri en ein afturköllunarbeiðni er send inn fyrir hefðbundið heiti og hægt er að sjá af forskoðun á einni eða fleiri slíkum beiðnum að ekki sé lengur hægt að halda áfram að vernda hefðbundið heiti getur framkvæmdastjórnin frestað hinum afturköllunarferlunum. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna þeim aðilum sem lögðu fram hinar afturköllunarbeiðnirnar um allar ákvarðanir, sem teknar eru við málsmeðferðina, sem hafa áhrif á þá.

Þegar ákvörðun um að afturkalla hefðbundið heiti er samþykkt skal líta svo á að afturköllunarferlum, sem stöðvuð voru tímabundið, sé lokið og höfundum viðkomandi afturköllunarbeiðna skal tilkynnt um það.

5. Þegar afturköllun á hefðbundnu heiti tekur gildi skal framkvæmdastjórnin fjarlægja heitið úr skránni og halda eftir skráningu á afturkölluninni.

## IV. KAFLI

## SAMSKIPTI, BIRTING OG LOKAÁKVÆÐI

## 30. gr.

**Samskipti milli framkvæmdastjórnarinnar, aðildarríkjanna, þriðju landa og annarra rekstraraðila**

1. Senda skal framkvæmdastjórninni þau skjöl og upplýsingar sem þarf til að koma ákvæðum II. kafla til framkvæmda eins og hér segir:

- a) í gegnum upplýsingakerfi sem framkvæmdastjórnin gerir aðgengileg, í samræmi við framselda reglugerð (ESB) 2017/1183 og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/1185, að því er varðar lögbær yfirvöld aðildarríkja,
- b) með tölvupósti, á eyðublöðunum sem sett eru fram í I. til VII. viðauka, að því er varðar lögbær yfirvöld og atvinnugreinasamtök þriðju landa sem og einstaklinga eða lögaðila sem hafa lögmætra hagsmuna að gæta samkvæmt þessari reglugerð.

2. Þrátt fyrir a-lið 1. mgr. skulu lögbær yfirvöld aðildarríkjanna leggja fyrir framkvæmdastjórnina rökstuddar yfirlýsingar um andmæli, tilkynningar um niðurstöður viðræðufunda sem fóru fram með því markmiði að ná samkomulagi í tengslum við andmælameðferð og afturköllunarbeiðnir, sem um getur í 11., 12. og 21. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/33, í þeirri röð, með tölvupósti og á eyðublöðunum sem sett eru fram í II., III. og VII. viðauka við þessa reglugerð, í þeirri röð.

3. Senda skal framkvæmdastjórninni þau skjöl og upplýsingar sem þarf til að koma ákvæðum III. kafla til framkvæmda, með tölvupósti, á eyðublöðunum sem sett eru fram í VIII. til XI. viðauka.

4. Framkvæmdastjórnin skal senda upplýsingar og gera þær aðgengilegar fyrir lögbær yfirvöld aðildarríkjanna í gegnum upplýsingakerfin sem framkvæmdastjórnin kom á fót í samræmi við a-lið 1. mgr. Framkvæmdastjórnin skal senda upplýsingar í tengslum við málsmeðferðir sem um getur í b-lið 1. mgr. og í 2. og 3. mgr. til aðildarríkja, lögbærra yfirvalda og atvinnugreinasamtaka þriðju landa, sem og til einstaklinga eða lögaðila sem hafa lögmætra hagsmuna að gæta samkvæmt þessari reglugerð, með tölvupósti.

Aðildarríki, lögbær yfirvöld og atvinnugreinasamtök þriðju landa, sem og einstaklingar eða lögaðilar sem hafa lögmætra hagsmuna að gæta samkvæmt þessari reglugerð, geta haft samband við framkvæmdastjórnina í gegnum þau tvö tölvupóstföng sem tilgreind eru í XII. viðauka til að fá upplýsingar um hagnýt atriði er varða aðgang að upplýsingakerfunum, um samskiptaaðferðir og um það hvernig gera skuli upplýsingar, sem þarf til að koma II. og III. kafla til framkvæmda, aðgengilegar.

## 31. gr.

**Framlagning og viðtaka orðsendinga**

1. Þær orðsendingar og upplýsingar sem um getur í 30. gr. skulu teljast hafa verið framlagðar á þeim degi sem þær berast framkvæmdastjórninni.

2. Framkvæmdastjórnin skal nota upplýsingakerfin, sem um getur í a-lið 1. mgr. 30. gr., til að senda lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna staðfestingar á viðtöku allra orðsendinga sem henni berast og allra skráa sem eru lagðar fram í gegnum upplýsingakerfin.

Framkvæmdastjórnin skal úthluta hverri nýrri umsókn um vernd, um breytingar á vegum Sambandsins, orðsendingum sem varða umsóknir um almennar breytingar og orðsendingum varðandi umsóknir um tímabundnar breytingar, skrásetningarnúmeri.

Staðfesting á móttöku skal a.m.k. innihalda eftirfarandi þætti:

- a) skrásetningarnúmerið,
- b) viðkomandi heiti,
- c) viðtökudaginn.

Framkvæmdastjórnin skal tilkynna um og gera aðgengilegar upplýsingar og athugasemdir varðandi slíkar orðsendingar og framlagningar í gegnum upplýsingakerfin sem um getur í a-lið 1. mgr. 30. gr.

3. Að því er varðar orðsendingar og framlagningar skráa sem eru sendar með tölvupósti skal framkvæmdastjórnin staðfesta móttöku í gegnum tölvupóst.

Hún skal úthluta hverri nýrri umsókn um vernd, um breytingu á vegum Sambandsins, orðsendingum sem varða umsóknir um almennar breytingar og orðsendingum varðandi umsóknir um tímabundnar breytingar, skrásetningarnúmeri.

Staðfesting á móttöku skal a.m.k. innihalda eftirfarandi þætti:

- a) skrásetningarnúmerið,
- b) viðkomandi heiti,
- c) viðtökudaginn.

Framkvæmdastjórnin skal tilkynna um og gera aðgengilegar upplýsingar og athugasemdir varðandi slíkar orðsendingar og framlagningar í gegnum tölvupóst.

4. Ákvæði 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/1183 og 1. til 5. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2017/1185 gilda að breyttu breytanda um tilkynningar og að gera upplýsingar aðgengilegar eins og um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar.

32. gr.

#### **Upplýsingar sem birta skal opinberlega**

Þær upplýsingar sem framkvæmdastjórninni ber að birta opinberlega í samræmi við 2. þátt I. kafla II. bóls II. hluta reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, framselda reglugerð (ESB) 2019/33 og þessa reglugerð skulu birtar opinberlega í gegnum upplýsingakerfin sem framkvæmdastjórnin gerir aðgengileg í samræmi við a-lið 1. mgr. 30. gr. þessarar reglugerðar.

33. gr.

#### **Birting ákvörðunar**

Birta skal ákvarðanir um að veita eða hafna vernd, ákvarðanir um að samþykkja eða hafna breytingum á vegum Sambandsins, eins og um getur í II. kafla, og ákvarðanir um að hafna andmælum sem ótækum, eins og um getur í 111. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, í L-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins*.

Birta skal ákvarðanir um að veita eða hafna vernd og ákvarðanir um að samþykkja eða hafna breytingum, eins og um getur í III. kafla, í L-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins*.

34. gr.

#### **Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. október 2018.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

\_\_\_\_\_



## I. VIÐAUKI

## EITT SKJAL

„HEITI“

VUT/VLM-XX-XXXX

Dagsetning umsóknar: XX-XX-XXXX

## 1. Heiti sem á að skrá:

...

## 2. Þriðja land sem afmarkaða svæðið tilheyrir:

...

## 3. Tegund landfræðilegrar merkingar:

...

## 4. Flokkar vinnuáhrifa:

...

## 5. Lýsing á víninu eða vínunum:

...

## 5.1. Skynmatseinkenni:

Útlit

Lykt

Bragð

## 5.2. Greiningareinkenni:

...

---

Hámarksheildaralkóhólstyrkleiki (í % rúmmáls)	
Raunverulegur alkóhólstyrkleiki að lágmarki (í % rúmmáls)	
Lágmarksheildarsýruinnihald	
Hámarksinnihald rokkgjarnrar sýru (í millijafngildum á lítra)	
Hámarksheildarinnihald brennisteinsdíoxíðs (í milligrömmum á lítra)	

## 6. Aðferðir við vinnuáhrifa:

## 6.1. Sérstækar vinnuáhrifa vinnuáhrifa sem notaðar eru til að framleiða vínur eða vínin og viðeigandi takmarkanir varðandi framleiðsluna:

## 6.2. Hámarksafkastur á hektara:

## 7. Vinnuáhrifa sem vínur eða vínin eru fengin úr:

...

## 8. Skilgreining á afmarkaða svæðinu:

...

9. **Lýsing á tengslunum:**

...

10. **Frekari viðeigandi kröfur:**

10.1. **Sértækar kröfur varðandi pakkingar:**

10.2. **Sértækar kröfur varðandi merkingu:**

10.3. **Viðbótarkröfur:**

11. **Eftirlit**

11.1. **Lögbær yfirvöld eða vottunaraðilar sem bera ábyrgð á eftirlitinu:**

11.2. **Sértæk verkefni lögbæru yfirvaldanna eða vottunaraðilanna sem bera ábyrgð á eftirlitinu:**

\_\_\_\_\_

## II. VIÐAUKI

## RÖKSTUDD YFIRLÝSING UM ANDMÆLI

[Setjið X í viðeigandi reit:]  VUT  VLM

1. **Heiti afurðar**

[eins og það birtist í *Stjórnartíðindunum*]

...

2. **Opinber tilvísun**

[eins og það birtist í *Stjórnartíðindunum*]

Tilvísunarnúmer: ...

Dagsetning birtingar í *Stjórnartíðindunum*: ...

3. **Heiti andmælanda (aðili, stofnun, aðildarríki eða þriðja land)**

...

4. **Samskiptaupplýsingar**

Tengiliður: Titill (hr., frú...): ... Heiti: ...

Hópur/samtök/einstaklingur: ...

eða landsyfirvald:

Deild: ...

Heimilisfang: ...

Sími + ...

Tölvupóstfang: ...

5. **Lögmætir hagsmunir (ekki krafist af landsyfirvöldum)**

[*Leggið fram yfirlýsingu með útskýringum á lögmætum hagsmunum andmælanda. Landsyfirvöld eru undanþegin þessari kröfu.*]

6. **Ástæður fyrir andmælum:**

Umsóknin um vernd, breytingu eða afturköllun samræmist ekki reglunum um upprunatáknar og landfræðilegar merkingar vegna þess að hún myndi brjóta í bága við ákvæði 92. til 95. gr., 105. eða 106. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 og við ákvæði sem samþykkt hafa verið í samræmi við þau.

Umsóknin um vernd eða breytingu samræmist ekki reglunum um upprunatáknar og landfræðilegar merkingar vegna þess að fyrirhuguð skráning heitisins bryti í bága við ákvæði 100. eða 101. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.

Umsóknin um vernd eða breytingu samræmist ekki reglunum um upprunatáknar og landfræðilegar merkingar vegna þess að fyrirhuguð skráning heitisins myndi stofna í hættu rétti handhafa vörumerkis eða notanda einsheitis eða samsetts heitis þar sem eitt hugtak er eins og heitið sem á að skrá, eða vegna tilvistar heita sem eru að hluta til einsheiti við heitið sem á að skrá eða annarra heita sem svipar til þess og vísa til vinnræktarfurða sem hafa verið löglega á markaði í minnst fimm ár fyrir birtingardagsetninguna sem kveðið er á um í 3. mgr. 97. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.

7. **Upplýsingar um andmæli**

[*Leggið fram tilhlýðilega rökstuddar ástæður og rökstuðning, upplýsingar um staðreyndir málsins, sannanir og athugasemdir til stuðnings andmælunum. Leggið fram nauðsynleg gögn ef um er að ræða andmæli á grundvelli tilvistar eldra vörumerkis sem nýtur orðspors og orðstírs (1. mgr. 8. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/34).*]

**8. Skrá yfir fylgiskjöl**

*[Leggið fram skrá yfir skjölin sem eru send til að styðja við andmælin].*

**9. Dagsetning og undirskrift**

[Heiti]

[Deild/stofnun eða fyrirtæki]

[Heimilisfang]

[Símanúmer: +]

[Tölvupóstfang: ]

\_\_\_\_\_

## III. VIÐAUKI

## TILKYNNING UM LOK VIÐRÆÐUFUNDA Í KJÖLFAR ANDMÆLAMÉÐFERÐAR

[Setjið X í viðeigandi reit:]  VUT  VLM

1. **Heiti afurðar**

[eins og það birtist í *Stjórnartíðindunum*]

2. **Opinber tilvísun**

[eins og það birtist í *Stjórnartíðindunum*]

Tilvísunarnúmer:

Dagsetning birtingar í *Stjórnartíðindunum*:

3. **Heiti andmælanda (aðili, stofnun, aðildarríki eða þriðja land)**

...

4. **Niðurstaða viðræðufundanna**4.1 **Samkomulag náðist við eftirfarandi mótaðila:**

[bætið við afritum af bréfum sem sýna fram á samkomulag og alla þá þætti sem gerðu kleift að samkomulag náðist (3. mgr. 12. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/33).]

4.2 **Samkomulag náðist ekki við eftirfarandi mótaðila:**

[bætið við þeim upplýsingum sem um getur í 4. mgr. 12. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/33.]

5. **Forskrift fyrir afurð og eitt skjal**5.1 **Forskrift fyrir afurð hefur verið breytt:**

... Já\* ... Nei

\* Ef merkt var við „Já“ skal bæta við lýsingu á breytingunum og breyttu forskriftinni fyrir afurðina

5.2 **Eina skjalinu hefur verið breytt:**

... Já\*\* ... Nei

\*\* Ef merkt var við „Já“ skal bæta við afriti af uppfærða skjalinu

6. **Dagsetning og undirskrift**

[Heiti]

[Deild/stofnun eða fyrirtæki]

[Heimilisfang]

[Símanúmer: +]

[Tölvupóstfang: ]

\_\_\_\_\_

## IV. VIÐAUKI

## UMSÓKN UM BREYTINGU Á VEGUM SAMBANDSINS Á FORSKRIFTinni FYRIR AFURÐINA

[Skráð heiti] „...“ ...

ESB-nr.: [notist einungis innan ESB]

[Setjið X í viðeigandi reit]  VUT  VLM

1. **Umsækjandi og lögmætir hagsmunir**

[Gefið upp nafn, heimilisfang, símanúmer og tölvupóstfang umsækjandans sem leggur til breytinguna. Leggið einnig fram yfirlýsingu þar sem fram koma lögmætir hagsmunir umsækjandans.]

2. **Þriðja land sem afmarkaða svæðið tilheyrir**

...

3. **Yfirskrift í forskriftinni fyrir afurðina sem breytingin eða breytingarnar hafa áhrif á**

Heiti afurðar

Flokkur vínæktarafurðar

Tengsl

Markaðshindranir

4. **Tegund breytinga(r)**

[Leggið fram yfirlýsingu með útskýringum á því af hverju breytingin eða breytingarnar falla undir skilgreininguna á breytingu á vegum Sambandsins sem kveðið er á um í 1. mgr. 14. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/33.]

5. **Breyting(ar)**

[Leggið fram tæmandi lýsingu á og sérstakar ástæður fyrir hverri breytingu. Umsókn um breytingu verður að vera fullfrágengin og útarleg. Upplýsingar sem eru gefnar undir þessum lið verða að vera tæmandi eins og kveðið er á um í 1. mgr. 16. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/33.]

6. **Viðaukar**

6.1. Samsteypt og tilhlýðilega útfyllt eitt skjal, með breytingum

6.2. Samsteypta útgáfan af forskriftinni fyrir afurðina, eins og hún var birt, eða tilvísunin í birtingu forskriftarinnar fyrir afurðina.

\_\_\_\_\_

## V. VIÐAUKI

## ORÐSENDING UM SAMÞYKKI FYRIR ALMENNRI BREYTINGU

[Skráð heiti] „...“ ...

ESB-nr.: [notist einungis innan ESB]

[Setjið X í viðeigandi reit:]  VUT  VLM

**1. Sendandi**

Stakur framleiðandi eða hópur framleiðenda, sem hafa lögmætra hagsmuna að gæta, eða yfirvöld í þriðja landinu sem afmarkaða svæðið tilheyrir (sjá 3. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/34).

**2. Lýsing á samþykktu breytingunni eða breytingunum**

[Leggið fram lýsingu á almennu breytingunni eða breytingunum og ástæður fyrir henni eða þeim og yfirlýsingu með útskýringum á því af hverju breytingin eða breytingarnar falla undir skilgreininguna á almennri breytingu sem kveðið er á um í 1. mgr. 14. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/33.]

**3. Þriðja land sem afmarkaða svæðið tilheyrir**

...

**4. Viðaukar**

4.1. Umsóknin um samþykktu almennu breytinguna

4.2. Ákvörðunin um að samþykkja almennu breytinguna

4.3. Sönnun fyrir því að breytingin gildi í þriðja landinu

4.4. Samsteypta eina skjalið, með breytingum, ef við á

4.5. Afrit af samsteyptu útgáfunni af forskriftinni fyrir afurðina, eins og hún var birt, eða tilvísunin í birtingu forskriftarinnar fyrir afurðina

\_\_\_\_\_

## VI. VIÐAUKI

## ORÐSENDING UM SAMÞYKKI FYRIR TÍMABUNDinni BREYTINGU

[Skráð heiti] „“

ESB-nr.: [notist einungis innan ESB]

(Setjið X við annað hvort)  VUT  VLM

1. **Sendandi**

Einn framleiðandi eða hópur framleiðenda, sem hafa lögmætra hagsmuna að gæta, eða yfirvöld í þriðja landinu sem afmarkaða svæðið tilheyri (sjá 3. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/34).

2. **Lýsing á samþykktu breytingunni eða breytingunum**

[Leggið fram lýsingu á tímabundnu breytingunni eða breytingunum og sérstökum ástæðum fyrir henni eða þeim, þ.m.t. tilvísun í formlega viðurkenningu lögbæru yfirvaldanna á náttúruhamförum eða óhagstæðum veðurskilyrðum eða um setningu lögboðinna ráðstafana um hollustuhætti eða heilbrigði plantna. [Leggið fram yfirlýsingu með útskýringum á því af hverju breytingin eða breytingarnar falla undir skilgreininguna á tímabundinni breytingu sem kveðið er á um í 2. mgr. 14. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/33.]

3. **Þriðja land sem afmarkaða svæðið tilheyrir**

...

4. **Viðaukar**

- 4.1. Umsóknin um samþykktu tímabundnu breytinguna
- 4.2. Ákvörðunin um að samþykkja tímabundnu breytinguna
- 4.3. Sönnun fyrir því að breytingin gildi í þriðja landinu

\_\_\_\_\_



## VII. VIÐAUKI

## BEIÐNI UM AFTURKÖLLUN

[Skráð heiti:] „...“

ESB-nr.: [notist einungis innan ESB]

[Setjið X í viðeigandi reit:]  VLM  VUT

1. **Skráð heiti sem lagt er til að verði afturkallað**

...

2. **Aðildarríki eða þriðja land sem afmarkaða svæðið tilheyrir**

...

3. **Aðili, stofnun, aðildarríki eða þriðja land sem leggur fram afturköllunarbeiðni**

*[Gefið upp nafn, heimilisfang, símanúmer og tölvupóstfang einstaklingsins eða lögaðilans eða framleiðendanna sem óska eftir afturkölluninni (ef um er að ræða beiðni sem varða heiti frá þriðju löndum skal einnig gefa upp heiti og heimilisfang yfirvaldanna eða votunaraðilanna sem sannprófa að farið sé að ákvæðinu í forskriftinni fyrir afurðina). Leggið einnig fram yfirlýsingu með útskýringum á lögmætum hagsmunum einstaklingsins eða lögaðilans sem óskar eftir afturkölluninni (ekki krafist fyrir landsyfirvöld með réttarstöðu lögaðila).]*

4. **Ástæður fyrir afturköllun**

Ekki er lengur hægt að tryggja að farið sé að samsvarandi forskrift fyrir afurð (106. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013).

Ekki er lengur hægt að tryggja að farið sé að samsvarandi forskrift fyrir afurð af þeirri sérstöku ástæðu að engin afurð sem ber verndaða heitið hefur verið sett á markað næstliðin sjö ár samfleytt (106. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 ásamt 20. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/33).

5. **Nánari upplýsingar um afturköllunarbeiðnina**

*[Leggið fram tilhlýðilega rökstuddar ástæður og rökstuðning fyrir afturköllunarbeiðninni, upplýsingar um staðreyndir málsins, sannanir og athugasemdir til stuðnings afturkölluninni. Leggið fram fylgiskjöl ef við á.]*

6. **Skrá yfir fylgiskjöl**

*[Leggið fram skrá yfir skjölin sem eru send til að styðja við afturköllunarbeiðnina].*

7. **Dagsetning og undirskrift**

[Heiti]

[Deild/stofnun eða fyrirtæki]

[Heimilisfang]

[Símanúmer: +]

[Tölvupóstfang: ]

\_\_\_\_\_

## VIII. VIÐAUKI

## UMSÓKN UM VERND FYRIR HEFÐBUNDIÐ HEITI

Viðtökudagur (DD/MM/ÁÁÁÁ) ...

*[framkvæmdastjórnin fylli út]*

Fjöldi blaðsíðna (að meðtöldri þessari blaðsíðu) ...

Tungumál sem umsóknin er á ...

Skrásetningarnúmer ...

*[framkvæmdastjórnin fylli út]*

**Umsækjandi**

Lögbært yfirvald aðildarríkisins (\*)

Lögbært yfirvald þriðja landsins (\*)

Atvinnugreinasamtök (\*)

*[(\*) Strikið yfir það sem á ekki við]*

Heimilisfang (götuheiti og húsnúmer, bær/borg og póstnúmer, land) ...

Lögaðili *(skal útfyllt fyrir atvinnugreinasamtök)* ...

Ríkisfang...

Sími, símbréf, tölvupóstur ...

**Hefðbundið heiti sem óskað er eftir vernd fyrir ...**

Hefðbundið heiti skv. a-lið 112. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 (\*)

Hefðbundið heiti skv. b-lið 112. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 (\*)

*[(\*) Strikið yfir það sem á ekki við]*

**Tungumál ...**

**Skrá yfir viðkomandi verndaðar upprunatáknanir eða landfræðilegar merkingar ...**

**Flokkar vinnræktarafurða ...**

**Skilgreining ...**

**Afrit af reglunum**

*[skal fylgja]*

Nafn undirritunaraðila ...

Undirskrift ...

\_\_\_\_\_

## IX. VIÐAUKI

## ANDMÆLI GEGN UMSÓKN UM VERND FYRIR HEFÐBUNDIÐ HEITI

Viðtökudagur (DD/MM/ÁÁÁÁ) ...

*[framkvæmdastjórnin fylli út]*

Fjöldi blaðsíðna (að meðtaldri þessari blaðsíðu) ...

Tungumálið sem andmælin eru á ...

Skrásetningarnúmer ...

*[framkvæmdastjórnin fylli út]*

**Hefðbundið heiti sem er andmælt ...**

**Andmælandi**

Heiti andmælanda (*aðildarríki eða þriðja land, eða lögaðili eða einstaklingur sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta*)

Fullt heimilisfang (götuheiti og húsnúmer, bær/borg og póstnúmer, land)...

Ríkisfang...

Sími, símbréf, tölvupóstur ...

**Milliliður**

— Aðildarríki (eitt eða fleiri) (\*)

— Yfirvald þriðja lands (valkvætt) (\*)

*[(\*) Strikið yfir það sem á ekki við]*

Nafn/nöfn milliliða...

Fullt heimilisfang eða heimilisföng (götuheiti og húsnúmer, bær/borg og póstnúmer, land)...

**Eldri réttur**

— Vernduð upprunatáknun (\*)

— Vernduð landfræðileg merking (\*)

— Landsbundin landfræðileg merking (\*)

*[(\*) Strikið yfir það sem á ekki við]*

Heiti...

Skráningarnúmer...

Dagsetning skráningar (DD/MM/ÁÁÁÁ)...

— Vörumerki

Tákn...

Skrá yfir vörur og þjónustu...

Skráningarnúmer...

Dagsetning skráningar...

Upprunaland...

Orðstír/orðspor (\*)...

*[(\*) Strikið yfir það sem á ekki við]*

**Ástæður fyrir andmælum**

- 27. gr. framseldrar reglugerðar (\*)
- 2. mgr. 32. gr. framseldrar reglugerðar (\*)
- 1. mgr. 33. gr. framseldrar reglugerðar (\*)
- 2. mgr. 33. gr. framseldrar reglugerðar (\*)

*[(\*) Strikið yfir það sem á ekki við]*

**Útskýringar á ástæðum ...**

*[Leggið fram tilhlýðilega rökstuddar ástæður og rökstuðning, upplýsingar um staðreyndir málsins, sannanir og athugasemdir til stuðnings andmælunum. Leggið fram nauðsynleg gögn ef um er að ræða andmæli á grundvelli tilvistar eldra vörumerkis sem nýtur orðspors og orðstírs].*

Nafn undirritunaraðila...

Undirskrift ...

---

## X. VIÐAUKI

**BEIÐNI UM BREYTINGU SEM VARÐAR HEFÐBUNDIÐ HEITI**

Viðtökudagur (DD/MM/ÁÁÁÁ) ...

*[framkvæmdastjórnin fylli út]*

Fjöldi blaðsíðna (að meðtöldri þessari blaðsíðu) ...

Tungumál sem beiðni um breytingu er á ...

Skrásetningarnúmer ...

*[framkvæmdastjórnin fylli út]*

Hefðbundið heiti sem óskað er eftir breytingu á ...

Heiti eða nafn þess lögaðila eða einstaklings sem óskar eftir breytingunni ...

Fullt heimilisfang (götuheiti og húsnúmer, bær/borg og póstnúmer, land)...

Ríkisfang...

Sími, símbréf, tölvupóstur ...

Lýsing á breytingunni ...

**Útskýringar á ástæðunum fyrir breytingunni**

*[Leggið fram tilhlýðilega rökstuddar ástæður og rökstuðning, upplýsingar um staðreyndir málsins, sannanir og athugasemdir til stuðnings breytingunni.]*

Nafn undirritunaraðila...

Undirskrift ...

\_\_\_\_\_

## XI. VIÐAUKI

**BEIÐNI UM AFTURKÖLLUN SEM VARÐAR HEFÐBUNDIÐ HEITI**

Viðtökudagur (DD/MM/ÁÁÁÁ) ...

*[framkvæmdastjórnin fylli út]*

Fjöldi blaðsíðna (að meðtaldri þessari blaðsíðu) ...

Tungumál sem beiðni um afturköllun er á...

Skrásetningarnúmer ...

*[framkvæmdastjórnin fylli út]*

Hefðbundið heiti sem óskað er eftir afturköllun á ...

**Höfundur afturköllunarbeiðninnar**

Heiti eða nafn þess lögaðila eða einstaklings sem óskar eftir afturkölluninni ...

Fullt heimilisfang (götuheiti og húsnúmer, bær/borg og póstnúmer, land)...

Ríkisfang...

Sími, símbréf, tölvupóstur ...

**Lögmætir hagsmunir höfundar beiðninnar ...****Ástæður fyrir afturköllun**

- 27. gr. framseldrar reglugerðar (\*)
- 2. mgr. 32. gr. framseldrar reglugerðar (\*)
- 1. mgr. 33. gr. framseldrar reglugerðar (\*)
- 2. mgr. 33. gr. framseldrar reglugerðar (\*)
- b-liður 36. gr. framseldrar reglugerðar (\*)

*[(\*) Strikið yfir það sem á ekki við]*

**Útskýringar á ástæðu/ástæðum fyrir afturköllun ...**

*[Leggið fram tilhlýðilega rökstuddar ástæður og rökstuðning, upplýsingar um staðreyndir málsins, sannanir og athugasemdir til stuðnings afturkölluninni. Leggið fram nauðsynleg gögn ef um er að ræða afturköllun á grundvelli tilvistar eldra vörumerkis sem nýtur orðspors og orðstírs].*

Nafn undirritunaraðila...

Undirskrift ...

\_\_\_\_\_

*XII. VIÐAUKI*

## A-HLUTI

**HAGNÝT ATRIÐI VARÐANDI SAMSKIPTI OG BIRTINGAR Í TENGLUM VIÐ AÐ KOMA II. KAFLA TIL FRAMKVÆMDA EINS OG UM GETUR Í ANNARRI UNDIRGREIN 4. MGR. 30. GR.**

Til að afla upplýsinga um hagnýt atriði sem varða aðgang að upplýsingakerfum, um samskiptaaðferðir og um það hvernig gera skuli upplýsingar sem þarf til að koma II. kafla til framkvæmda aðgengilegar, eins og um getur í annarri undirgrein 4. mgr. 30. gr., skulu þau yfirvöld og þeir aðilar sem þessi reglugerð hefur áhrif á hafa samband við framkvæmdastjórnina í gegnum eftirfarandi tölvupóstfang:

Virkt pósthólf: AGRI-CONTACT-E-Ambrosia@ec.europa.eu

## B-HLUTI

**HAGNÝT ATRIÐI VARÐANDI SAMSKIPTI OG BIRTINGAR Í TENGLUM VIÐ AÐ KOMA III. KAFLA TIL FRAMKVÆMDA EINS OG UM GETUR Í ANNARRI UNDIRGREIN 4. MGR. 30. GR.**

Til að afla upplýsinga um hagnýt atriði sem varða aðgang að upplýsingakerfum, um samskiptaaðferðir og um það hvernig gera skuli upplýsingar sem þarf til að koma III. kafla til framkvæmda aðgengilegar, eins og um getur í annarri undirgrein 4. mgr. 30. gr., skulu þau yfirvöld og þeir aðilar sem þessi reglugerð hefur áhrif á hafa samband við framkvæmdastjórnina í gegnum eftirfarandi tölvupóstfang:

Virkt pósthólf: AGRI-CONTACT-EBACCHUS@ec.europa.eu

---

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2019/935**

2022/EES/72/73

frá 16. apríl 2019

**um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar greiningaraðferðir til að ákvarða eðlisfræðilega og efnafræðilega eiginleika og skynmatseinkenni vínræktarafurða og tilkynningar um ákvarðanir aðildarríkja varðandi aukningu á styrk náttúrulegs alkóhóls (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 <sup>(1)</sup>, einkum 80. gr. (5. mgr.), 91. gr. (c- og d-lið) og 223. gr. (3. mgr.),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 felldi úr gildi og kom í stað reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1234/2007 <sup>(2)</sup>. Í 1. þætti I. kafla II. bóls II. hluta reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 er mælt fyrir um reglur um flokka vínræktarafurða, vínfræðilegar vinnsluáðferðir og takmarkanir þar að lútandi og framkvæmdastjórninni veitt vald til að samþykkja framseldar gerðir og framkvæmdargerðir sem þetta varðar. Samþykkja þarf nýjar reglur með slíkum gerðum til að tryggja snuðulausa starfsemi markaðsins með vín innan nýja lagarammans. Þessar gerðir ættu að koma í staðinn fyrir ákvæði reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 606/2009 <sup>(3)</sup> sem er felld úr gildi með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/934 <sup>(4)</sup>.
- 2) Samkvæmt 5. mgr. 80. gr. og d-lið 91. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 skal framkvæmdastjórnin, ef nauðsyn krefur, mæla fyrir um reglur um greiningaraðferðir til að ákvarða eðlisfræðilega og efnafræðilega eiginleika og skynmatseinkenni vínræktarafurða. Aðferðirnar skulu byggjast á viðeigandi aðferðum sem Alþjóðavínstofnunin (OIV) mælir með og birtir, nema þær teljist óskilvirkar eða óviðeigandi. Enn fremur er framkvæmdastjórninni, með c-lið 91. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, veitt vald til að mæla fyrir um reglur um athugun á því hvort umræddar afurðir hafi verið settar í vinnslu sem brýtur gegn þeim vínfræðilegu vinnsluáðferðum sem eru leyfðar í Sambandinu.
- 3) Mælt er fyrir um greiningaraðferðina til að ákvarða hvort allýlísóþíósýanat er til staðar í vínafurðum í viðaukanum við þessa reglugerð. Að því er varðar aðrar aðferðir til að ákvarða hvort afurðir hafi verið settar í vinnslu sem brýtur gegn leyfilegum vínfræðilegum vinnsluáðferðum skulu viðeigandi reglur vera þær sem hlutaðeigandi aðildarríki leyfa.
- 4) Í 3. lið A-þáttar I. hluta VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 er sett fram skuldbinding fyrir aðildarríkin að tilkynna framkvæmdastjórninni um alla hækkun á mörkunum sem mælt er fyrir um í 2. lið þess þáttar. Mæla ætti nákvæmlega fyrir um framlagningu aðildarríkjanna á þessum upplýsingum til framkvæmdastjórnarinnar.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 149, 7.6.2019, bls. 53. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 273/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671.

(2) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1234/2007 frá 22. október 2007 um sameiginlegt markaðskerfi í landbúnaði og um sértæk ákvæði varðandi tiltekna landbúnaðarvörur (reglugerðin um eitt sameiginlegt markaðskerfi) (Stjttíð. ESB L 299, 16.11.2007, bls. 1).

(3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 606/2009 frá 10. júlí 2009 um tiltekna, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 að því er varðar flokka vínræktarafurða, vínfræðilegar vinnsluáðferðir og takmarkanir þar að lútandi (Stjttíð. ESB L 193, 24.7.2009, bls. 1).

(4) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/934 frá 12. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar vínræktarsvæði þar sem auka má alkóhólstyrkleikann, leyfilegar vínfræðilegar vinnsluáðferðir og takmarkanir sem eiga við um framleiðslu og varðveislu vínræktarafurða, lágmarkshlutfall alkóhóls í aukaafurðum og ráðstöfun þeirra og birtingu skráa Alþjóðavínstofnunarinnar (Stjttíð. ESB L 149, 7.6.2019, bls. 1).



SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

#### Gildissvið

Í reglugerð þessari er mælt fyrir um reglur um beitingu ákvæða I. kafla II. bóls reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 um greiningaraðferðir til að ákvarða eðlisfræðilega og efnafræðilega eiginleika og skynmatseinkenni vínrektarafurða og um tilkynningar um ákvarðanir aðildarríkja um að leyfa aukningu á styrk náttúrulegs alkóhóls.

2. gr.

#### Gildandi greiningaraðferðir Sambandsins

Í viðaukanum við þessa reglugerð er mælt fyrir um greiningaraðferðir þær sem um getur í d-lið 5. mgr. 75. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, sem nota skal við sannprófun á þeim mörkum sem mælt er fyrir um í reglum Sambandsins um notkun á allýlísóprósýanati við framleiðslu tiltekinna vínrektarafurða.

3. gr.

#### Tilkynningar um ákvarðanir aðildarríkja um að leyfa aukningu á styrk náttúrulegs alkóhóls

1. Aðildarríki sem leyfa aukningu á styrk náttúrulegs alkóhóls miðað við rúmmál í samræmi við 3. lið A-þáttar I. hluta VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um það innan eins mánaðar frá veitingu undanþágunnar. Í tilkynningunni skulu aðildarríkin tilgreina þau svæði og yrki sem ákvörðunin varðar og skulu leggja fram gögn og sannanir sem sýna fram á að veðurfarsskilyrði hafi verið einkar óhagstæð á viðkomandi svæðum.

2. Tilkynningin skal gerð í samræmi við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1183 <sup>(5)</sup> og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1185 <sup>(6)</sup>.

3. Framkvæmdastjórnin skal síðan tilkynna það hinum aðildarríkjunum.

4. gr.

#### Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 7. desember 2019.

<sup>(5)</sup> Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1183 frá 20. apríl 2017 um viðbætur við reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1307/2013 og (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar miðlun á upplýsingum og skjölum til framkvæmdastjórnarinnar (Stjttíð. ESB L 171, 4.7.2017, bls. 100).

<sup>(6)</sup> Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1185 frá 20. apríl 2017 um reglur um beitingu reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1307/2013 og (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar miðlun á upplýsingum og skjölum til framkvæmdastjórnarinnar og um breytingu og niðurfellingu á nokkrum reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (Stjttíð. ESB L 171, 4.7.2017, bls. 113).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. apríl 2019.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

\_\_\_\_\_

## VIÐAUKI

## SÉRSTAKAR GREININGARAÐFERÐIR SAMBANDSINS

## ALLÝLÍSÓÞÍÓSÝANAT

## 1. Meginregla aðferðarinnar

Allýlísóþíósýanati, sem er fyrir hendi í víni, er safnað með eimingu og það sanngreint með gasgreiningu.

## 2. Prófefni

## 2.1. Etanól, hreint.

2.2. Staðallausn: lausn allýlísóþíósýanats í hreinu alkóhóli sem inniheldur 15 mg af allýlísóþíósýanati á lítra.

2.3. Frystiblanda sem samanstendur af etanóli og þurrís (hitastig – 60 °C).

## 3. Búnaður

3.1. Eimingarbúnaður eins og sést á myndinni. Köfnunarefni er látið streyma stöðugt gegnum búnaðinn.

3.2. Hitasveppur, hitastýrður.

3.3. Rennslismælir.

3.4. Gasgreinir sem er tengdur við logaljósmælisma með valvísri síu fyrir brennisteinssambönd (bylgjulengd = 394 nm) eða annan hentugan skynjara.

3.5. Skiljunarsúla úr ryðfríu stáli, innanmál 3 mm og lengd 3 m, fyllt með 10% af 20M Carbowax á Chromosorb WHP, möskvastærð 80 til 100.

3.6. Míkrósprauta, 10µl.

## 4. Aðferð

Tveir lítrar af víni eru settir í eimingarflöskuna, nokkrir millilítrar af etanóli (líður 2.1) eru settir í söfnunarglösinn tvö þannig að það fljóti alveg yfir gropna hluta gasgjafanna. Glösinn tvö eru kæld að utanverðu með frystiblöndunni. Flaskan er tengd við söfnunarglösinn og búnaðurinn skolaður með köfnunarefni með rennslinu þrjú lítrar á klst. Vínið er hitað í 80 °C með hitasveppnum, eimað og 45 til 50 ml af eiminu er safnað.

Litskiljan er gerð stöðug. Mælt er með eftirfarandi skilyrðum:

— hiti innspýtis: 200 °C,

— hitastig súlu: 130 °C,

— streymi burðargass (helíum): 20 ml á mínútu.

Með smásprautunni er staðallausninni sprautað inn í því magni að auðvelt sé að greina toppgildið, sem stafar af allýlísóþíósýanatinu, á gasskiljuritinu.

Á sama hátt er deiliskammti af eiminu sprautað inn í litskiljuna. Fylgjast skal með því að rástími toppgildisins, sem fæst, samsvari toppgildi allýlísóþíósýanatsins.

Við skilyrðin sem lýst er hér að framan framkalla efnasambönd sem eru í víninu frá náttúrunnar hendi ekki truflandi toppa í skiljuriti sýnislusnarinnar.

**Búnaður til eimingar með streymandi köfnunarefni**